

Venslasamningar

10. grein

Um venslasamninga.

Venslasamningur liða felur í sér að tvö lið innan sama félags gera samning sín á milli um að þau geti skipst á leikmönnum. Samningur tekur gildi þegar hann hefur verið birtur á heimasíðu KLÍ. Eftir að samningur tekur gildi verða leikmenn hlutgengir með báðum liðum út leikárið.

Einungis er hægt að gera einn venslasamning á hverju leikári.

Skráningargjald vegna venslasamninga skal ákveðið í gjaldskrá KLÍ.

11. grein

Hlutgengi leikmana

Lið sem gera venslasamning sín á milli mega ekki leika í sömu deild í Íslandsmóti liða og verða að vera af sama kyni.

Leikmaður getur ekki unnið til verðlauna með venslaliði. Einungis með því liði sem leikmaðurinn er skráður í.

12. grein

Gildi venslasamninga á Íslandsmóti liða

Venslasamningur gildir í Íslandsmóti liða skv. eftirfarandi ákvæðum.

Allir leikmenn beggja liða eiga rétt á því að spila 9 leiki með gagnstæðu liði án takmarkana.

Leikvika hefst á laugardegi og endar á föstudegi. Frestaðir leikir skulu teljast til þeirrar leikviku sem þeir eru leiknir í.

Takmarkanir:

Þegar leikmaður hefur spilað 9 leiki með gagnstæðu liði er honum óheimilt að leika með báðum liðum í sömu leikviku. Hafi leikmaður leikið með sínu liði fyrr í leikvikunni telst hann ólöglegur leikmaður í öllum leikjum umfram 9 leiki með gagnstæðu liði í þeirri leikviku.

Leikmaður úr efri deild með ársmeðaltal yfir 190 eru ekki heimilt að spila í neðri deildum.

Leikmaður úr efri deild með ársmeðaltal yfir 170 er ekki heimilt að leika í 3 deild.

13. grein

Gildi venslasamninga í Bikarkeppni liða

Venslasamningur gildir í bikarkeppni liða skv. eftirfarandi ákvæðum.

Leikmaður getur aðeins leikið með einu liði bikarkeppni liða, með því liði sem hann leikur fyrir með.

14. grein

Einstaklingsbundnir venslasamningar kvenna við karlalið.

Konum er heimilt að gera einstaklingsbundna venslasamninga við karlalið innan sama félags sem spilar ekki í efstu deild karla og gilda þá ekki takmarkanir skv. 12. eða 13. gr.

Gera má ótakmörkuð vensl við konur. Í karlaliði má aðeins ein kona spila hverju sinni.

Einungis er hægt að gera einn venslasamning á hverju leikári nema leikmaður skipti um félag.

Skráningargjald vegna einstaklingsbundinna venslasamninga skal ákveðið í gjaldskrá KLÍ.

Konur geta ekki leikið í Bikarkeppni karla.

Hér þarf að spyrja:

- Hvert er markmið reglugerðarinnar?
- Hverju er verið að svara eða ná fram?
- Þarf að loka fyrir eitthvað ákveðið, boð og bönn?
- Er reglugerðin skýr hvað þetta varðar?

Tillaga um

Réttu til verðlauna

9. grein

Réttur til verðlauna

Til að eiga kost á einstaklingsverðlaunum sem veitt eru vegna meðaltals, þarf leikmaður að hafa lokið í þáð deild og þá eru úrslitakeppni og úrslitaleikir ekki taldir með. Leikmaður taki eingöngu einstaklingsverðlaun með því liði sem hann sem skráður í..

Rétt til verðlauna, sem lið í heild vinnur til, hafa allir leikmenn liðsins sem hafa leikið fleiri en 21 leik í deildinni.

Sé jafnt eftir úrslitaleik skulu leikmenn leika eitt upphafskast og ræður pinnafall úrslitum. Ef enn er jafnt bætist við eitt upphafskast í viðbót þar til úrslit liggja fyrir.

Skor sem nást í úrslitaleikjum eru ekki tekin með við útreikning á meðaltali né reiknuð með á lista yfir hæstu skor í leik eða seríu í mótinu.

Séu lið jöfn að stigum eftir að keppni lýkur, skal hærra pinnafall ráða.

Eftirtalin verðlaun eru veitt í deildarkeppni:

1. 1., 2. og 3. sæti liða í deildum
2. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal einstaklings
3. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal liðs.
4. Deildarmeistari – ef við á.
5. Stjörnuskjöldur – fyrir flestar stjórnur liðs að meðaltali.
6. Felluverðlaun – fyrir flestar fellur einstaklings að meðaltali.
7. Framfaraverðlaun í hverri deild – sá einstaklingur sem tekur mestum framförum (hækkun meðaltals) á milli ára. Leikjafjöldi fyrra árs sé a.m.k. 21.
8. Stigameistari deildar, fyrir flest stig að meðaltali.